

MYNDRAÐIR

Fimmtíu og sex myndir eru á málverkasýningu Ómars Skúlasonar, sem hefst á Kjarvalsstöðum um helgina. Myndirnar eru margvíslegar meðal annars eru þar „myndraðir," sem listamaðurinn kallar.

Þær eru gerðar með skapalánum og sprautu og eru allar eins hvað fígúrur snertir, en með mismunandi litbrigðum. Vísismynd: JA

Líf og fjör í Laugarneskirkju

Það verður mikið um að vera í Laugarneskirkju á sunnudaginn. Dagurinn byrjar með barnaguðsþjónustu kl. 11 árdegis.

Kl. 14 verður messa, og þar prédikar safnaðarsystirin Margrét Hróbjartsdóttir. Eftir messuna verður boðið upp á kirkjukaffi í safnaðarsal kirkjunnar, meðan húsrúm leyfir.

Síðasti liðurinn eru svo Bachtónleikar. Gústaf Jóhannesson, organisti, leikur verk eftir Bach á orgel kirkjunnar. Tónleikarnir hefiast kl. 17.



„Fjölskyldan" á Dalvík

Miðvikudag 1. febr. kl. 21.00 frumsyndi Leikfélag Dalvíkur finnska sjónleikinn „Fjölskyldan" eftir Claes Anderson í Samkomuhúsinu á Dalvík. Leikstjóri er Saga Jónsdóttir. Leikmynd er eftir Jón Þórisson og Magnús Axelson annaðist lýsingu. Í hlutverkum eru: Dagný Kjartansdóttir, Theodór Júlíusson, Inga Matthíasdóttir, Kristján Hjartarson, Lovísa Sigurgeirsdóttir, Sólveig Hjálmarsdóttir og Rúnar Lund.

Æfingar hafa staðið yfir síðan fyrir jól og gengið vel eftir atvikum. Í fjölskyldunni er gerð úttekt á ýmsum vandamálum, svo sem drykkjuskap sambúð hjóna, samskiptum barna og foreldra og sýnd er þar þörfin fyrir blóraböggul svo að allt gangi vel fyrir meirihlutanum.

Leikritið var sýnt árið hjá Leikfélegi Reykjavíkur við mjög góðar undirtektir.

Næstu sýningar verða föstudaginn 3. febr. og þriðjudaginn 7. febr. Fyrirhugað er að ferðast með leikritið um nágrannabyggðir.



Theodór og Dagný í hlutverkumsínum.

BÍLASALA GARÐARS
Borgartúni 1 — Símar 19615 — 18085



Plymouth Duster, '70
6 cyl beinsk. Ekinn 102 þús. míl. Bíll í sérflokki. Verð kr. 1.200 þús. Skipti möguleg á minni.



Vauxhall Viva, '73
Ekinn 100 þús. Gott útlit. Rauð og sæt. Samkomulag um greiðslur. Verð kr. 830.000.-



Austin Mini '74
Ekinn 50 þús. km. Jafnast á við bankainnistæðu erlendis. Verð kr. 650 þús Samkomulag.



GAS jeppi
ótrúlegt en satt, árgerð '55. Dísil 4ra gíra kassi, klæddur nýlegt hús og lakk. Alveg einstakur bíll. Verð kr. 1200 þús.

Vantar allar tegundir af nýlegum bílum á skrá og á staðinn. Seljið hjá okkur elstu og vinsælustu bílasölu landsins.
Einnig opið laugardaga.

BÍLASALA GARÐARS

AUGLÝSIÐ Í VÍSI

Gerið reyfarakaup
ÚTSÖLU-MARKAÐUR
í Iðnaðarhúsinu við Hallveigarstíg

VINNUFATABÚÐIN
Iðnaðarhúsinu
OPIÐ TIL KL. 7 Í KVÖLD
OG KL. 9-12 LAUGARDAG.
Ath.! 2 lokadagar
Stórlækkað verð
VINNUFATABÚÐIN í Iðnaðarhúsinu

Góð ryðvörn
tryggir endingu og endursölu
BÍLARYÐVÖRN HF
Skeifunni 17
☎ 81390